

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 340/2015
um gagnatengingaþjónustu í samevrópska loftrýminu.**

1. gr.
Innleiðing.

3. gr. reglugerðarinnar breytist og orðast svo:

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB), með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 frá 16. janúar 2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85 frá 3. júlí 2009. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 20. maí 2010, bls. 123.
- b. Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/310 frá 26. febrúar 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið og um niðurfellingu á framkvæmdareglugerð (ESB) nr. 441/2014, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2015 frá 10. júlí 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 17. september 2015, bls. 388.

2. gr.
Frestun á framkvæmd reglugerðar nr. 340/2015.

3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og orðast svo:

Reglugerðin kemur til framkvæmda 5. febrúar 2018.

3. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 57. gr. a, 5. mgr. 75. gr. og 76. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 16. október 2015.

F. h. r.
Sigurbergur Björnsson.

Gunnar Órn Indriðason.